

**13. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 10. nóvember 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Kl. 17.30 mætir á fundinn Gunnar Sigurðsson, almannatengslafulltrúi.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

**1. Fundargerðir**

Fundargerð 12. fundar frá 4. nóvember sl. samþykkt.

**2. Erindi Robert Bentia, þjálfara, til stjórnar FSÍ.**

Í erindinu rekur Robert ýmsar hugmyndir um verkefni til að auka sýnileika fimleika í fjölmiðlum o.fl.

Stjórn þakkar bréfitara fyrir erindið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá nánari útfærslum á hugmyndum bréfitara.

**3. Trúnaðarmál, áður á dagskrá 12. fundar.**

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá afgreiðslu málsins.

**4. Fyrirhugaður aukafundur í norrænu TeamGym nefndinni 27. nóvember nk.**

Framkvæmdastjóra falið að kanna hjá norrænu fimleikasamböndunum hvert fundarefnið sé og óska eftir að fulltrúi Íslands verði í fjarfundarsambandi við fundarmenn.

**5. Norðurlandamót í áhaldafimleikum sem haldið verður á Íslandi 29. apríl til 1. maí 2011.**

Ganga þarf til samninga við það félag sem sjá mun um mótið f.h. FSÍ o.fl. Framkvæmdastjóra falið að leggja drög að samningi fyrir næsta fund.

**6. Mótahald í nóvember.**

Stjórn FSÍ þakkar fimleikadeild Keflavíkur og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd móts í almennum fimleikum sem haldið var í Keflavík 6. og 7. nóvember sl.

**7. Dómaranámskeið**

Stjórn FSÍ þakkar tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd dómaranámskeiðs kvenna í áhaldafimleikum sem haldið var í Reykjavík 4.-7. nóvember sl.

**8. Bréf formanns FSÍ til formanna og framkvæmdastjóra aðildarfélaga – Helstu niðurstöður formannafundar 18. september sl.**

Í bréfinu kemur fram:

- ▶ *Við ætlum að halda stefnumótunarfund með nokkrum formönnum.*
- ▶ *Við leggjum áherslu á að allir iðkendur sem stunda hreyfingu undir stjórn fimleikafélaga eða deilda, borgi til Fimleikasambandsins. Einn hópur er undan skilinn, yngstu krakkarnir uns þau byrja í skóla 6 ára.*

- ▶ *Við leggjum áherslu á að vinnan við uppbyggingu FSI, sem og sú vinna er stuðlar að góðri fimleikahefð og árangri í fimleikum, er samstarfsverkefni allra þeirra er koma að fimleikaþróttinni á landinu.*
- ▶ *Samstarfsaðilar Fimleikasambandsins koma úr flokki stórra fyrirtækja.*

**Til kynningar:**

- a. Dagskrá formannafundar ÍSÍ lögð fram .
- b. Bréf lyfjanefndar FIG, dags. 5/11 sl.
- c. Boð á Nordic Education Meeting 9.-10. desember nk.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 25. nóvember nk., kl.16.00.

Fundi slitið kl. 19.30.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.